



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 25/2015

**um gjaldskrá Mílu fyrir
skammtímatengingar á heildsölumarkaði
fyrir stofnlínuhluta leigulína**

12. ágúst 2015



EFNISYFIRLIT

Bls.

1. Inngangur	3
1.1 Ákvörðun PFS nr. 20/2007	3
1.2 Ný ákvörðun PFS vegna markaðsgreiningar á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína	4
1.3 Bréfaskipti við Mílu.....	4
1.4 Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA	5
2. Skýrsla Mílu um gjaldskrá fyrir skammtímatengingar	6
2.1 Inngangur	6
2.2 Samantekt	6
2.3 Skammtímaljóslnur fyrir beinar útsendingar frá tilteknum stöðum	8
2.3.1 Skammtímatengingar fyrir einstakar útsendingar frá tilteknum stöðum.....	9
2.3.2 Samningar um útsendingar á tilteknum stöðum	11
2.4 Aðrar skammtímatengingar	12
3. Afstaða PFS	15
3.1 Skammtímatengingar fyrir einstakar útsendingar frá tilteknum stöðum	15
3.2 Samningar um útsendingar á tilteknum stöðum	16
3.3 Aðrar skammtímatengingar	17
3.4 Niðurstaða PFS	18



1. Inngangur

Verðskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir skammtímatengingar sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 20/2007, dags. 14. september 2007.

Þær vörur sem gjaldskrá Mílu nær til tilheyrta heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína sem er markaður nr. 14 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2004.

PFS hefur nýlega framkvæmt markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína og í ljósi þeirrar greiningar ákvað stofnunin viðhalda kvöðum á Mílu um eftirlit með heildsölugjaldskrá fyrir vörur og þjónustu fyrirtækisins á þessum markaði, sjá ákvörðun PFS nr. 21/2015 dags. 12. ágúst 2015.

1.1 Ákvörðun PFS nr. 20/2007

PFS tók ákvörðun nr. 20/2007 þann 14. september 2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 13)¹ og stofnlínuhluta (trunk) leigulína (markaður 14)².

PFS komst að þeirri niðurstöðu að skilgreiningar á markaði 14 sem fram komu í tilmælum ESA³ ættu við hér á landi. PFS ákvað að útnefna Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14).

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga var lögð á Mílu kvöð um eftirlit með gjaldskrá vegna stofnlínuhluta leigulína. Míla skyldi halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Til að Míla gæti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru tæki mið af kostnaði, væri nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangaði, bar kennsl á, mat og dreifði viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. um orsakasamhengi.

PFS lagði til að gjaldskrár Mílu fyrir leigulínur tækju mið af kostnaði og færu eftir hlutlægum viðmiðunum í samræmi við eftirfarandi reglur:

- Sama verð skal gilda um allt land.
- Gjaldskrár fyrir leigulínur skulu að jafnaði skiptast í: uppsetningargjald og afnotagjald, þ.e. fast leigugjald fyrir ákveðið tímabil.
- Þegar önnur skipting er notuð skal hún vera auðskiljanleg og fara eftir hlutlægum viðmiðunum.
- Gjaldskrár fyrir leigulínur gilda um alla þjónustuþætti sem látnir eru í té milli nettengipunktanna þar sem notandinn hefur aðgang að línunni.

¹ Wholesale terminating segments of leased lines.

² Wholesale trunk segments of leased lines.

³ Sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði frá 14. júlí 2004.



PFS setti það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá Mílu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína yrðu tilkynntar til PFS og myndu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.

Í samræmi við ofangreint er gjaldskrá Mílu fyrir Skammtímatengingar háð samþykki PFS.

1.2 Ný ákvörðun PFS vegna markaðsgreiningar á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína

PFS hefur nýlega framkvæmt markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (áður markaður 14) og voru frumdrög greiningarinnar lögð fram til samráðs þann 23. desember 2014. Niðurstaða þeirrar greiningar er að aðstæður hér á landi gefi ekki tilefni til að fella niður þennan markað. Jafnframt að aðstæður á markaðinum væru ekki mikið frábrugðnar þeim aðstæðum sem voru til staðar árið 2007. Öll heildsala á leigulínum innan Skiptasamstæðunnar hefur færst yfir til Mílu. Fjöldi fyrirtækja á markaðinum er nokkurn veginn sá sami og var árið 2007. PFS telur að umtalsverðar og viðvarandi aðgangshindranir séu til staðar á markaðinum og ekki sé von á virkri samkeppni á næstu 2-3 árum. Míla hefur enn yfirgnæfandi markaðshlutdeild, hvort sem miðað er við tekjur af leigulínum (75-80%) eða fjölda virkra sambanda (72%). Því ákvað PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 21/2015 dags. 12 ágúst 2015 m.a. að viðhalda kvöðum um eftirlit með gjaldskrá Mílu og um kostnaðarbókhald.

1.3 Bréfaskipti við Mílu

PFS barst bréf frá Mílu dags. 25. nóvember 2014, ásamt skýrslu um útreikning á verði fyrir skammtímatengingar.

Fram kom í bréfi Mílu að fyrirtækið teldi nauðsynlegt að leggja fram sérstaka verðskrá fyrir skammtímatengingar þar sem tæknileg högun þeirra hefði breyst mikið á undanförunum misserum.

Áður hafi verið notuð verðskrá fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsflutning fyrir sjónvarps- og hljóðvarpsútsendingar en nú væri hætt að setja upp sambönd með þeim búnaði. Auk þess hefði Míla tilkynnt um niðurlagningu á sjónvarps- og hljóðvarpsflutningi þann 10. febrúar 2010. Það væri því ekki hægt að nota þá verðskrá lengur.

Með tölvupósti dags. 5. desember sl. óskaði Míla eftir breytingu á þeirri skýrslu sem fyrirtækið hafði þegar lagt fram. Breytingarnar vörðuðu afgreiðslufrest vegna pantana á tengingum sem flokkast sem aðrar skammtímatengingar.

Í bréfi PFS, dags. 14. janúar 2015 óskaði PFS eftir frekari rökstuðningi fyrir því viðmiði Mílu að sólarhringsleiga væri [...] af mánaðargjaldi. Jafnframt óskar PFS eftir því að Míla uppfærði töflur og texta í skýrslunni í samræmi við óskir félagsins um breytingu á texta.

⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.



Í tölvupósti þann 26. janúar 2015 lagði Míla fram uppfærða skýrslu vegna gjaldskrár Mílu fyrir skammtímatengingar ásamt því að fyrirtækið útskýrði nánar val sitt á hlutfalli sólarhringsleigu af mánaðargjaldi.

Í tölvupósti þann 19. febrúar 2015 óskaði PFS eftir skýringum frá Mílu varðandi lista yfir tengda staði. Í gjaldskrá fyrir skammtímatengingar fyrir einstakar útsendingar frá tilteknum stöðum hefur Míla tekið saman lista yfir staði sem Míla hefur fasttengt ljóslínu og gildir þessi gjaldskrá fyrir þá staði. PFS óskaði eftir skýringum á því hvað réði vali staða á listann.

Í svari Mílu sama dag kom fram að á listanum væru staðir sem væru fasttengdir og líklegt þætti að verði nýttir nokkuð reglulega í útsendingar.

1.4 Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA

Frumdrög að ákvörðun voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 9. mars 2015 og lauk samráðinu þann 30. mars sl. Engar athugasemdir bárust stofnuninni.

Drög að ákvörðuninni, voru send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 1. júlí sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Þann 3. ágúst sl. barst álit ESA og fylgir það með í viðauka II. ESA gerði ekki efnislegar athugasemdir við ákvörðunardrögin og niðurstaða PFS varðandi gjaldskrá Mílu er því óbreytt frá því sem fram kom í ákvörðunardrögum stofnunarinnar sem send voru í samráð til ESA.

2. Skýrsla Mílu um gjaldskrá fyrir skammtímatengingar

2.1 Inngangur

Í skýrslu Mílu dags. 26. janúar 2015 kom eftirfarandi fram:

„Skammtímatengingar hjá Mílu eru aðallega af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða skammtímatengingar vegna sjónvarps, t.d. sýningar af íþróttaleikjum og útsendingar vegna kosninga. Hins vegar er um að ræða skammtímatengingar fyrir farsíma þegar um er að ræða tímabundna aukna bandvíddarþörf t.d. vegna þjóðhátíðar, skátamóta og hestamannamóta.

Fyrir nokkrum misserum var notuð verðskrá fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsflutning fyrir sjónvarps- og hljóðvarpsútsendingar en nú er hætt að setja upp sambönd með þeim búnaði Auk þess tilkynnti Míla um niðurlagningu á sjónvarps- og hljóðvarpsflutningi þann 10.2.2010. Það er því ekki hægt að nota þá verðskrá lengur.

Í dag óska viðskiptavinir Mílu eftir ljóslínum fyrir útsendingar og hefur Míla afgreitt slík sambönd frá því fyrirtækið tók yfir Stofnnetið frá Símanum. Nú eru flest íþróttahús og nokkur önnur mannvirki á höfuðborgarsvæðinu auk nokkurra íþróttahúsa á landsbyggðinni með tengdar ljóslínur. Viðskiptavinir Mílu eru með sinn eigin búnað sem þeir tengja við ljóslínur Mílu. Vinna Mílu við þessar tengingar er eðli máls samkvæmt mun minni en þegar verið er að óska eftir ljóslínum í fyrsta skipti þar sem tengingar eru til staðar.

Einnig er nokkuð um að viðskiptavinir óski eftir tímabundnum samböndum eða ljóslínum fyrir sjónvarpsútsendinga eða farsíma vegna ýmissa viðburða. Kostnaður við uppsetningu slíkra sambanda er mjög mismunandi og fer það eftir stöðu á forða og því hve langa vegalengd þarf að fara til að setja samböndin upp.

Míla telur því nauðsynlegt að tvískipta verðskrá fyrir skammtímatengingar. Annars vegar verði um að ræða verðskrá fyrir ljóslínu sem ætluð er fyrir útsendingar sjónvarps frá ákveðnum stöðum og hins vegar verði um að ræða verðskrá fyrir skammtímatengingar með ákveðnum gagnaflutningshraða eða eftir atvikum ljóslínu.

Míla leggur því hér með fram verðskrár samkvæmt ofansögðu og eru forsendur útreikninga á leiguverði útlistaðar hér á eftir.

Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.“

2.2 Samantekt

Í skýrslu Mílu dags. 26. janúar 2015 kom eftirfarandi fram:

„Verðskrá fyrir skammtímaljóslínur á tilteknum stöðum

Míla bíður upp á sérstaka verðskrá fyrir skammtímaljóslínur á tilteknum stöðum. Skilyrði fyrir skammtímatengingu samkvæmt þessari verðskrá er að móttökuendi (B-endi) sé einnig fasttengdur og á höfuðborgarsvæðinu.

[...]



Þessi verðskrá er í boði fyrir ljóslínur sem tengdar frá fasttengdum stað til eftirfarandi staða:

Staður	Félag	Heimilisfang
Fjölisvöllur	Fjölur	Dalhúsum 2
Kópavogsvöllur	Breiðablik	Dalsmára 5
Hásteinsvöllur	IBV	Hamarsvegur
Framheimilið	Fram	Safamýri 26
Samsungvöllur	Stjarnan	Ásgarður
Hlíðarendi	Valur	Hlíðarendi
Víkingur	Víkingur	Traðarlandi 1
KR - heimili	KR	Frostaskjól 2
Laugardalsvöllur	KSI	Reykjavegi 15
Laugardalshöll	HSI	Engjavegur 8
Kaplakriki	FH	Kaplakrika
Fylkisvöllur	Fylkir	Fylkisvegi 6
Egilshöll	Allir	Fossaleyni 1
Digranes	HK	Digranesvegi
Íþróttahúsið Austurberg	ÍR	Austurberg 1-3
Ásvellir	Haukar	Ásvöllur 1
Grindavík	UMFG	Ásabraut 2
Akranes	IA	Jaðarbökkum
Keflavík	Keflavík	Sunnubraut 34
Njarðvík íþróttah	Njarvík	Norðurstíg 2
Íþróttah Þorláksh	Þór	Hafnarbergi 41
Kórinn		Vallarkór 12
Íþróttahöllin AK	Þór / KA	Hamri / Hólabraut
Alþingi		Kirkjustræti
Ráðhús		Tjarnargata 11
Borgarleikhúsið		Listabraut 3
Þjóðleikhúsið		Hverfisgata 19
Háskólabíó		Hagatorg
Harpan		Austurbakka 2

Samningar um útsendingar á tilteknum stöðum

Míla telur mikilvægt að geta gert samninga við viðskiptavinina sína um skammtímaljóslínur þegar um er að ræða margar tengingar á afmörkuðu tímabili. Leggur Míla til eftirfarandi reiknireglu við gerð slíkra samninga:

	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99 km	100- km
Fyrsta útsending pr. tengistað.....	40.098	82.700	114.450	146.200
Hver útsending umfram fyrstu.....	10.279	25.400	38.100	50.800

Um er að ræða sömu staði og í verðskránni hér að ofan og gert er ráð fyrir að Míla útvegi burðinn til Reykjavíkur. Sjái viðskiptavinur sjálfur um burðinn gildir verðskráin fyrir höfuðborgarsvæðið.



Skilyrði fyrir því að unnt sé að gera samning:

- Samningurinn skal tímabundinn þar sem fram kemur frá og til hvaða tíma samningurinn nær til
- Í samningnum þarf að koma fram allir þeir tengistaðir sem samningurinn nær til
- Forsendur um fjölda útsendinga pr. stað skulu koma fram í samningnum
- Kostnaður leigutaka ef fjöldi útsendinga er meiri en gert var ráð fyrir
- Leiguverð skal koma fram á samningnum
- Fjöldi útsendinga á mánuði verður að vera fleiri en einn að meðaltali á hverjum stað (meðalfjöldi útsendinga á mánuði/fjöldi staða).

Aðrar skammtímatengingar

Míla leggur fram eftirfarandi verðskrá fyrir aðrar skammtímatengingar:+

Verð fyrir fyrsta dag*	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99	100-
Ethernet 30 Mb/s.....	111.722	122.650	135.782	148.914
Ethernet 150 Mb/s.....	121.094	138.701	159.859	181.016
Ljósínur.....	128.508	175.761	215.448	255.136

*Fari framkvæmdakostnaður yfir 100.000 kr. er mismunurinn innheimtur sérstaklega

Míla telur hæfilegt gjald fyrir viðbótardaga 15% af mánaðargjaldi viðkomandi sambands:

Verð fyrir viðbótardag	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99	100-
Ethernet 30 Mb/s.....	6.134	10.506	15.758	21.011
Ethernet 150 Mb/s.....	9.883	16.926	25.389	33.852
Ljósínur.....	19.276	26.364	32.317	38.270

Almennur afgreiðslufrestur á skammtímatengingu eru 6 vikur að lágmarki, Míla áskilur sér rétt til að hafna pöntunum sem berast innan þess tíma enda telst sá fyrirvari þá ekki nægjanlegur til að afgreiða viðkomandi pöntun. Ef Míla getur afgreitt pöntun sem berst innan 6 vikna fyrirvarans bætast aukalega 60.000 kr. vegna óþæginda og aukakostnaðar.“

2.3 Skammtímaljósínur fyrir beinar útsendingar frá tilteknum stöðum

Í skýrslu Mílu dags. 26. janúar 2015 kom eftirfarandi fram:

„Míla hefur sett upp ljósínur frá sjónvarpstöðvum að flestum íþróttahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og að nokkrum á landsbyggðinni. Auk þess hafa verið upptengdar ljósínur til nokkurra annarra mannvirkja þar sem beinar útsendingar hafa farið fram. Umfang vinnu við pantanir og tengingu þessara sambanda er mun minna en á stöðum þar sem ekki er fyrir hendi uppsettar ljósínur. Í flestum tilvikum þarf þó að framkvæma einhverjar tengingar í símstöðvum til að beina umferðinni rétta leið að sjónvarpsstöð þar sem hlutar leiðanna eru oft nýttir undir annað þegar línurnar eru ekki í notkun.“



Þá er í mörgum tilvikum reglulegar útsendingar frá tilteknum stöðum til dæmis í tengslum við mótaradir s.s. Pepsídeildina. Í slíkum tilvikum telur Míla mikilvægt að geta boðið upp á tímabundna samninga.

Í köflunum hér á eftir er útreikningur á leiguverði fyrir einstakar útsendingar og tillaga að því hvernig reikna skuli gjald fyrir tímabundna samninga.

Míla hefur fasttengt ljóslínu í eftirfarandi húsnæði:

Staður	Félag	Heimilisfang
Fjölínsvöllur	Fjölínir	Dalhúsum 2
Kópavogsvöllur	Breiðablik	Dalsmára 5
Hásteinsvöllur	IBV	Hamarsvegur
Framheimilið	Fram	Safamýri 26
Samsungvöllur	Stjarnan	Ásgarður
Hlíðarendi	Valur	Hlíðarendi
Víkingur	Víkingur	Traðarlandi 1
KR - heimili	KR	Frostaskjólí 2
Laugardalsvöllur	KSI	Reykjavegi 15
Laugardalshöll	HSI	Engjavegur 8
Kaplakriki	FH	Kaplakrika
Fylkisvöllur	Fylkir	Fylkisvegi 6
Egilshöll	Allir	Fossaleyni 1
Digranes	HK	Digranesvegi
Íþróttahúsið Austurberg	ÍR	Austurberg 1-3
Ásvellir	Haukar	Ásvöllur 1
Grindavík	UMFG	Ásabraut 2
Akranes	IA	Jaðarbökkum
Keflavík	Keflavík	Sunnubraut 34
Njarðvík íþróttah	Njarvík	Norðurstíg 2
Íþróttah Þorláksh	Þór	Hafnarbergi 41
Kórinn		Vallarkór 12
Íþróttahöllin AK	Þór / KA	Hamri / Hólabraut
Alþingi		Kirkjustræti
Ráðhús		Tjarnargata 11
Borgarleikhúsið		Listabraut 3
Þjóðleikhúsið		Hverfisgata 19
Háskólabíó		Hagatorg
Harpan		Austurbakka 2

Skilyrði fyrir skammtímatengingu samkvæmt þessari verðskrá er að móttökuendi (B-endi) sé einnig fasttengdur og á Höfuðborgarsvæðinu“.

2.3.1 Skammtímatengingar fyrir einstakar útsendingar frá tilteknum stöðum

Í skýrslu Mílu dags. 26. janúar 2015 kom eftirfarandi fram:

„Útreikningur á leiguverði tekur mið af núverandi ljóslínuverðskrá og einnig er höfð til hliðsjónar verðskráin sem gildi fyrir skammtíma sjónvarps- og hljóðvarpsflutning.



Til einföldunar er verðskráin byggð upp þannig að sama verð er fyrir skammtímatengingu innan höfuðborgarsvæðisins en verð á landsbyggðina er herra enda vegalengdir lengri þar sem ljóslínurnar liggja til höfuðborgarsvæðisins.

Höfuðborgarsvæðið

Ljóslínutenging undir beinar útsendingar t.d. frá íþróttamóti samanstendur af tveimur ljóslínum í aðgangsneti og einni ljóslínu á milli símsstöðva.

Hér að neðan má sjá dæmigerðan útreikning á mánaðargjaldi fyrir slíkar ljóslínur, annars vegar er gert ráð fyrir tengingum við Stöð 2 og hins vegar RUV. Ekki skiptir miklu máli hvort fyrirtækið miðað er við þar sem þau eru staðsett á svipuðum stað á höfuðborgarsvæðinu.

[...]

Mánaðargjald fyrir slíkar tengingar er því að meðaltali [...] kr. og er miðað við þá fjárhæð við útreikning á verði fyrir skammtímatengingar.

Í verðskrá fyrir skammtíma sjónvarps- og hljóðvarpsflutning var miðað við að leiguverð skyldi vera [...] af mánaðargjaldi og auk þess var innheimt fyrir allan útlagðan kostnað ef setja varð upp nýjar leiðir fyrir flutning merkjanna. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir sama hlutfalli fyrir fyrsta sólarhringinn. Fyrir viðbótarsólarhringa er miðað við [...].

Auk þess er gert ráð fyrir umsýslu við móttöku pöntunar og skráningu og virkjun í kerfum Mílu.

[...]

Samkvæmt þessu er leiguverð fyrir ljóslínu í allt að 1 sólarhring:

[...]

Því fyrr sem pöntun berst því hagkvæmara er fyrir Mílu að afgreiða pöntunina. Því telur Míla nauðsynlegt að innheimta sérstakt gjald berist pöntun ekki með hæfilegum fyrirvara.

Berist pöntun innan 5 virkra daga þar til óskað er eftir að ljóslínan verði uppsett skapast óþægindi og óhagræði hjá Mílu þar sem forgangsröðun á afgreiðslu pantana riðlast. Míla telur hæfilegt að miða við [...] **36.000 kr.**

Berist pöntun innan tveggja virkra daga þar til óskað er eftir að ljóslínan verði uppsett skapast enn meiri óþægindi hjá Mílu og forgangsröðun verkefna fer enn meira úr skorðun. Míla telur hæfilegt að miðað við [...] **60.000 kr.**

Míla telur mjög mikilvægt að þrýstingur sé á fyrirtæki að panta ljóslínurnar með góðum fyrirvara svo forgangsröðun og afgreiðsla pantana hjá Mílu sé sem hagkvæmust.

Skilyrði fyrir skammtímatengingu samkvæmt þessari verðskrá er að móttökuendi (B-endi) sé einnig fasttengdur og á höfuðborgarsvæðinu.

Landsbyggðin

Ef miða á við hefðbundna ljóslínusverðskrá við afgreiðslu skammtímatenginga úti á landi getur leiguverð orðið mjög hátt. Míla telur rétt að hafa þessa verðskrá einfalda og að uppbygging



hennar taki mið af verðskrá fyrir Ethernetþjónustu. Míla telur því rétt að miða verðskrána við þrjá vegalengdarflokka, undir 50 km, 50 til 99 km og yfir 100 km.

[...]

Þegar um er að ræða skammtímatengingar út á land þarf í mörgum tilfellum að setja upp leiðir yfir SDH kerfið þrátt fyrir að sambandið sé afhent sem ljóslína. Þetta krefst því vinnu umfram þá vinnu sem fram fer á höfuðborgarsvæðinu. [...]

Niðurstaðan er því eftirfarandi fyrir fyrsta sólarhringinn fyrir samband til höfuðborgarsvæðisins:

[...]

Í þessari verðskrá er gert ráð fyrir að Míla sjái um burðinn til höfuðborgarsvæðisins. Ef viðskiptavinur sér sjálfur um flutninginn gildir verðskrá í kafla 3.1.1 hér að framan.

Því fyrr sem pöntun berst því hagkvæmara er fyrir Mílu að afgreiða pöntunina. Því telur Míla nauðsynlegt að innheimta sérstakt gjald berist pöntun ekki með hæfilegum fyrirvara.

*Berist pöntun innan 5 virkra daga þar til óskað er eftir að ljóslínan verði uppsett skapast óþægindi hjá Mílu þar sem forgangsröðun á afgreiðslu riðlast. Míla telur hæfilegt að miða við [...] **36.000 kr.***

*Berist pöntun innan tveggja virkra daga þar til óskað er eftir að ljóslínan verði uppsett skapast enn meiri óþægindi hjá Mílu og forgangsröðun verkefna fer enn meira úr skorðun. Míla telur hæfilegt að miða við [...] **60.000 kr.***

Míla telur mjög mikilvægt að þrýstingur sé á fyrirtæki að panta ljóslínurnar með góðum fyrirvara svo forgangsröðun og afgreiðsla pantana sé sem hagkvæmust.

Samantekt

Míla bíður upp á sérstaka verðskrá fyrir skammtímaljóslínur á tilteknum stöðum. Skilyrði fyrir skammtímatengingu samkvæmt þessari verðskrá er að móttökuendi (B-endi) sé einnig fasttengdur og á höfuðborgarsvæðinu.

Verðskrá:

	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99 km	100- km
Fyrsti sólarhringur.....	62.122	121.375	161.062	200.750
Sólarhringur umfram einn.....	12.849	31.750	47.625	63.500
Viðbótargjald pöntun innan 5 virkra daga....	36.000	36.000	36.000	36.000
Viðbótargjald pöntun innan 2ja virkra daga...	60.000	60.000	60.000	60.000

“

2.3.2 Samningar um útsendingar á tilteknum stöðum

Í skýrslu Mílu dags. 26. janúar 2015 kom eftirfarandi fram:



„Þegar um er að ræða tímabil þar sem sýnt þykir að það verði nokkuð margar útsendingar frá ákveðnum stöðum telur Míla mikilvægt að geta samið um leiguverð sérstaklega enda er vinna við tengingar og nýting ljóslínanna með allt öðrum hætti en þegar um einstakar útsendingar er að ræða.

Dæmi um slíka samninga getur verið [...]. Í upphafi leiktímabils er yfirleitt ljóst á hvaða völlum verður leikið og hve margir leikirnir verða. Það er því mögulegt að gera tilboð á grundvelli þessa en þar sem Mílu er skylt að afgreiða sambærileg sambönd á sama verði og með sömu skilmálum er mikilvægt að hafa reiknireglu sem höfð er til hliðsjónar þegar samningur er gerður. Til einföldunar yrði samningurinn heildarsamningur sem greitt væri af mánaðarlega en ekki pr. útsendingu (leik).

Eftirfarandi skilyrði verða að vera til staðar svo um samning geti verið að ræða:

- Samningurinn skal tímabundinn þar sem fram kemur frá og til hvaða tíma samningurinn nær til
- Í samningnum þarf að koma fram allir þeir tengistaðir sem samningurinn nær til
- Forsendur um fjölda útsendinga pr. stað skulu koma fram í samningnum
- Kostnaður leigutaka ef fjöldi útsendinga er meiri en gert var ráð fyrir
- Leiguverð skal koma fram á samningnum
- Fjöldi útsendinga á mánuði verður að vera fleiri en einn að meðaltali á hverjum stað (meðalfjöldi útsendinga á mánuði/fjöldi staða).

Forsendur útreikninga: [...]

Verð samkvæmt ofansögðu er eftirfarandi:

	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99 km	100- km
Fyrsta útsending pr. tengistað.....	40.098	82.700	114.450	146.200
Hver útsending umfram fyrstu.....	10.279	25.400	38.100	50.800

Gert er ráð fyrir að Míla sjái um burðinn til höfuðborgarinnar. Ef viðskiptavinur sér sjálfur um burðinn til Reykjavíkur gildir verðskráin um höfuðborgarsvæðið.

Fari fjöldi útsendinga yfir þann fjölda sem gefinn er upp í samningstilboði greiðist aukalega fyrir hverja útsendingu sambærilegt verð og fyrir verðskrá fyrir skammtímatenginga á tilgreinda tengistaði nema um annað sé samið í samningnum.“

2.4 Aðrar skammtímatengingar

Í skýrslu Mílu dags. 26. janúar 2015 kom eftirfarandi fram:

„Nokkrum sinnum á ári óska viðskiptavinir Mílu eftir skammtímatengingum á staði sem ekki eru á listanum í kafla 3⁵. Um getur verið að ræða skammtímatengingar fyrir farsíma t.d. í

⁵ Kafli 2.3 í þessum drögum að ákvörðun.



tengslum við þjóðhátíðir eða fyrir sjónvarpsútsendingar. Á þessu ári hefur Míla t.d. afgreitt skammtímasambönd [...].

Að mati Mílu er því ekki hægt að nýta þá verðskrá sem sett er fram í kafla 3 hér að framan fyrir þessi sambönd. Um er að ræða fá sambönd en í mörgum tilfellum er línulengdin löng og talsverður kostnaður við að setja upp sambandið auk þess sem hér er yfirleitt um að ræða sambönd með tilgreindum gagnaflutningshraða.

Míla reiknar hér með verð fyrir algengustu hraðana en ekkert er því til fyrirstöðu að afgreiða þessi sambönd á öðrum hröðum. Míla telur því edlilegt að þegar ósk um annan gagnaflutningshraða verður að ræða verður verð fyrir þau sambönd reiknuð með sömu aðferðarfræði.

Verðskráin fyrir stofnlínusambönd sem nú er í vinnslu hjá PFS er eftirfarandi.

	Fast verð	Verð pr. km.
Ethernet 30 Mb/s.....	35.344	1.388
Ehernet 150 Mb/s.....	56.945	2.236
Ljós lína, einn þráður utan byggðar...		7.538

Þessi verðskrá er byggð upp á sama hátt og verðskráin í kafla 3 þ.e. höfuðborgarsvæðið, vegalengdir undir 50 km., 50 til 99 km og 100 km og yfir. Miðað er við sömu aðferðarfræði og í kafla 3 varðandi verðmun á milli vegalengdaflokka.

Eins og kemur í kafla 3 um vegalengdir á höfuðborgarsvæðinu er meðalvegalengdin tæplega [...]. Útreikningur á mánaðargjaldi á höfuðborgarsvæðinu miðast því við þá vegalengd. Rétt eins og í kafla 3 er miðað við 25 km. í flokknum 0-49 km.

Samkvæmt þessu er mánaðargjald fyrir þessar tengingar:

Mánaðargjald	Höfuðborgar- svæðið	Höfuðborgar- svæðið		
		0-49 km	50-99	100-
Ethernet 30 Mb/s.....	40.895	70.037	105.055	140.074
Ehernet 150 Mb/s.....	65.888	112.841	169.261	225.681
Ljós línur.....	85.659	211.666	317.499	423.332
Stofngjald.....	96.386	96.386	96.386	96.386

Miðað er við þá verðskrá um stofnlínur og ljóslínur sem nú er í yfirferð hjá PFS.

Míla metur hæfilegt gjald fyrir fyrsta sólarhringinn [...] og auk þess 96.386 kr. stofngjaldi. Ljóst er að umsýsla og uppsetning sambanda er sambærileg og við uppsetningu hefðbundinna leigulína. Það er því edlilegt að stofngjaldið sé innifalið í verðinu. Þá er ljóst að í sumum tilfellum fer kostnaður við uppsetningu langt umfram 96.386 kr. í þeim tilvikum innheimtir Míla framkvæmdakostnað umfram 100.000 kr.

Samkvæmt þessu er verð fyrir þessar skammtímatengingar eftirfarandi:



Verð fyrir fyrsta dag*	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99	100-
Ethernet 30 Mb/s.....	111,722	122,650	135,782	148,914
Ehernet 150 Mb/s.....	121,094	138,701	159,859	181,016
Ljósínur.....	128,508	175,761	215,448	255,136

*Fari framkvæmdakostnaður yfir 100.000 kr. er mismunurinn innheimtur sérstaklega

Míla telur hæfilegt gjald fyrir viðbótardaga [...]:

Verð fyrir viðbótardag	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99	100-
Ethernet 30 Mb/s.....	6.134	10.506	15.758	21.011
Ehernet 150 Mb/s.....	9.883	16.926	25.389	33.852
Ljósínur.....	19.276	26.364	32.317	38.270

Almennur afgreiðslufrestur á skammtímatengingu eru 6 vikur að lágmarki, Míla áskilur sér rétt til að hafna pöntunum sem berast innan þess tíma enda telst sá fyrirvari þá ekki nægjanlegur til að afgreiða viðkomandi pöntun.

Ef Míla getur afgreitt pöntun sem berst innan 6 vikna fyrirvarans bætast aukalega 60.000 kr. vegna óþæginda og aukakostnaðar. “



3. Afstaða PFS

Verðskrá Mílu fyrir skammtímatengingar byggir á leigulínuverðskrá Mílu. Tekið er tillit til þeirra breytinga sem hafa verið lagðar til á leigulínuverðskránni og fóru í innanlandssamráð þann 23. desember 2014.

Við útreikninga á verði fyrir skammtímatengingar er áætlaður kostnaður við leigu á samböndum og uppsetningu á þeim. Til að áætla kostnað við sambönd er tekið mið af mánaðarleiguverði og [...].

PFS óskaði eftir frekari skýringum á því hvernig þetta hlutfall væri ákvarðað af hálfu Mílu. Í tölvupósti dags. 26. janúar sl. nefnir Míla að við ákvörðun þessa hlutfalls [...] hafi verið tekið mið af verðskrá fyrir skammtíma sjónvarps- og hljóðvarpsflutning sem gilt hafði um árabíl.

Fjöldi skammtímatenginga væri ekki það mikill á ári að hægt væri að taka mið af áætlun um fjölda daga í útleigu. Í tilfelli fasttengdra staða væri fjöldi útsendinga á tímabilinu júní til september rétt innan við [...].

Það væri því nauðsynlegt að nota aðrar aðferðir við að meta verðið. Míla hafði til viðmiðunar að til að hægt væri að veita þessa þjónustu þurfi að vera með lausan forða í kerfinu og það er dýrt að hafa frátekinn forða. Það væri því ekki sanngjarnt að innheimta 1/30 af mánaðargjaldi fyrir sólarhringsleigu. Þá taldi Míla það of dýrt fyrir viðskiptavini að greiða fullt mánaðargjald fyrir ljóslínur þegar aðeins væri verið að nýta þær í einn sólarhring. Verðið yrði því að vera einhvers staðar þar á milli. [...]

PFS gerir ekki athugasemd við að miðað sé við að sólarhringsleiga sé [...]. PFS tekur undir sjónarmið Mílu að hvorki sé hægt að miða við fullt mánaðarverð né 1/30 af mánaðarverði. Annars vegar er það sjónarmið að varan er ekki laus til mánaðarleigu á meðan hún er í skammtímaleigu sem taka þarf tillit til og hins vegar að nýta umframgetu kerfisins.

3.1 Skammtímatengingar fyrir einstakar útsendingar frá tilteknum stöðum

Míla reiknar út meðalmánaðarverð 14 útsendingastaða á höfuðborgarsvæðinu út frá ljóslínuverðskrá, sjá lista yfir útsendingastaði í kafla 2.3 hér að framan. Miðað er við gjald fyrir tvo ljósþræði í aðgangsneti og einn ljósþræð milli símstöðva. Meðalmánaðarverð þessara staða er [...] kr. Hlutur mánaðargjalds í sólarhringsleigu er 32.122 kr. miðað við ofangreint hlutfall [...].

Í stað þess að innheimta stofngjald miðar Míla við tímagjald [...].

Samkvæmt þessu er leiguverðið fyrir ljóslínu á höfuðborgarsvæðinu í sólarhring 62.122 kr., sem er um 34% af meðalmánaðarverði plús stofngjald.

Mílu leggur síðan til að verð fyrir hvern sólarhring umfram einn sé [...].

Við útreikninga á skammtímatengingum á landsbyggðinni tekur Míla mið af þeirri uppbyggingu sem er á verðskrá fyrir Ethernetþjónustu Mílu. Miðað er við þrjá vegalengdarflokka; flokkur 1 er 0-49 km, flokkur 2 er 50-99 km og flokkur 3 er 100 km og lengra.



Míla reiknar meðalmánaðarverð fyrir fyrsta flokkinn og miðar við [...]. Hlutur mánaðargjalds í sólarhringsleigu í vegalengdarflokknum 0-49 km er því [...]. Hlutur mánaðargjalds í sólarhringsleigu fyrir hina vegalengdarflokkana er fundinn með því að margfalda þessa upphæð með 1,5 fyrir 50-99 km flokkinn og með 2 fyrir 100 km og lengra.

Míla gerir ráð fyrir því að meiri vinna sé í móttöku pantana, skráningu, virkjun og tengingar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðin eða [...]

Samkvæmt þessu er leiguverðið fyrir ljóslínu á landsbyggðinni í sólarhring 121.375 kr. í flokki 1 (0-49 km), 161.062 í flokki 2 (50-99 km) og 200.750 kr. í flokki 3 (100 km og yfir).

Míla reiknar verð fyrir sólarhring umfram einn á sama hátt og gert er á höfuðborgarsvæðinu, [...].

Míla hyggst leggja á sérstakt gjald berist pöntun um skammtímatengingu með mjög skömmum fyrirvara þar sem slíkt skapi viðbótarkostnað fyrir fyrirtækið. Berist pöntun innan 5 virkra daga er gjaldið 36.000 kr. en 60.000 kr. ef hún berst innan 2 virkra daga.

PFS gerir ekki athugasemd við þá aðferðafræði Mílu sem lýst er hér að framan. Niðurstaða vegna skammtímatengingar fyrir einstakar útsendingar frá tilteknum stöðum er því eftirfarandi:

Verðskrá fyrir skammtímatengingar á tilteknum stöðum

	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-50 km	50-99 km	100- km
Fyrsti sólarhringurinn	62.122	121.375	161.062	200.750
Hver sólarhringur umfram einn	12.849	31.750	47.625	63.500
Pöntun innan tíu virkra daga	36.000	36.000	36.000	36.000
Pöntun innan tveggja virkra daga	60.000	60.000	60.000	60.000

3.2 Samningar um útsendingar á tilteknum stöðum

Míla hefur útbúið sérstaka afsláttargjaldskrá fyrir þau tilfelli þar sem gerður er samningur um útsendingar yfir ákveðið tímabil.

Míla setur ákveðin skilyrði fyrir því hvað telst vera samningur um útsendingar í þessu samhengi og eru þau tilgreind í kafla 2.3.2 hér að framan.

Míla byggir þessa gjaldskrá á sömu forsendum og gjaldskrá fyrir skammtímatengingar fyrir einstakar útsendingar [...]. Auk þess miðar Míla við að hver útsending umfram þá fyrstu á hverjum stað á samningstímanum miðist við verð fyrir viðbótar sólarhring.

PFS gerir ekki athugasemd við útreikninga og forsendur Mílu á afsláttargjaldskrá sinni sem lýst er hér að framan. Niðurstaða vegna samninga um útsendingar á ákveðnu tímabili er því eftirfarandi:

*Verðskrá fyrir samninga um útsendingar á ákveðnu tímabili*

	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99 km	100- km
Fyrsta útsending pr. tengistað	40.098	82.700	114.450	146.200
Hver útsending umfram fyrstu	10.279	25.400	38.100	50.800

3.3 Aðrar skammtímatengingar

Undir aðrar skammtímatengingar flokkast tengingar á stöðum sem ekki eru tilgreindir í töflunni í kafla 2.2 hér að framan.

Míla miðar við að sólarhringsleiga sé [...] af mánaðarleigu eins og áður. Einnig er miðað við [...] km meðallengd á stöðum innan höfuðborgarsvæðisins og sama aðferðafræði er notuð við að reikna verð fyrir mismunandi vegalengdarflokka. Jafnframt gerir Míla ráð fyrir [...]

Fyrir þessar tengingar reiknar Míla með fullu stofngjaldi í útreikningum sínum. Stofngjaldið er 96.386 kr. Þá hyggst Míla innheimta framkvæmdakostnað fari kostnaður við uppsetningu umfram 100.000 kr. Fram kemur hjá Mílu að í sumum tilfellum fari kostnaður við uppsetningu langt umfram það sem innheimt er fyrir stofngjaldið. PFS bendir á að í kostnaðargreiningu Mílu vegna gjaldskrár fyrir stofnlínuhluta leigulína er gert ráð fyrir að hluti af uppsetningarkostnaði sé endurheimtur með mánaðargjöldum þar sem áætlaður uppsetningarkostnaður er hærri en 100 þúsund. Þar sem hér er um að ræða leigu í minna en mánuð getur komið upp sú staða að hluti af uppsetningarkostnaði endurheimtist ekki með stofngjaldinu sem Míla reiknar inn í verðin fyrir þessar skammtímatengingar.

Í þessari gjaldskrá reiknaði Míla verð fyrir algengustu hraðana sem eru í boði.

PFS gerir ekki athugasemd við útreikninga og forsendur Mílu. Niðurstaða vegna annarra skammtímatenginga er því eftirfarandi:

Verðskrá fyrir aðrar skammtímatengingar

Verð fyrir fyrsta dag	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99 km	100- km
Ethernet 30 Mb/s	111.722	122.650	135.782	148.914
Ehernet 150 Mb/s	121.094	138.701	159.859	181.016
Ljósínur	128.508	175.761	215.448	255.136

Verð fyrir viðbótardag	Höfuðborgar- svæðið	Landsbyggðin		
		0-49 km	50-99 km	100- km
Ethernet 30 Mb/s	6.134	10.506	15.758	21.011
Ehernet 150 Mb/s	9.883	16.926	25.389	33.852
Ljósínur	19.276	26.364	32.317	38.270



3.4 Niðurstaða PFS

Eins og fram kemur hér að framan þá gerir PFS ekki athugasemd við gjaldskrá Mílu fyrir skammtímatengingar. Gjaldskráin í heild sinni er birt í viðauka I.

Gjaldskráin byggir á gjaldskrá Mílu fyrir stofnlínuhluta leigulína og því er ekki um hefðbundna kostnaðargreiningu að ræða, frekar útfærslu á afsláttum sem Míla hyggst bjóða þegar samband er leigt til skemmri tíma.

Varðandi gildistöku hinna nýju verða gildir ákvæði 3. kafla viðmiðunartilboðs Mílu fyrir leigulínur þar sem fram kemur að Míla skuli tilkynna þjónustukaupanda um verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara. Í þessu tilviki telur PFS rétt að miða verðbreytingarnar við mánaðamót og taka hin nýju verð því ekki gildi fyrir en um næstu mánaðamót eftir að umræddur 60 daga frestur er liðinn.

Nú fara allar kostnaðargreiningarákvarðanir PFS í innanlandssamráð og samráð til ESA, en eftir að sú framkvæmd var tekin upp lengdist verulega meðferðartími kostnaðargreininga hjá stofnuninni. Á það við um samráðstíma, auk þeirrar vinnu sem fer í undirbúning, úrvinnslu, þýðingar o.fl.

Til að koma til móts við aðila á viðkomandi markaði vegna þessa hefur stofnunin heimilað Mílu að tilkynna þjónustukaupendum um verðbreytingarnar þegar PFS hefur sent ákvörðunardrögin formlega til ESA til samráðs. Míla tilkynnti þjónustukaupendum um verðbreytingarnar fyrir lok júlí og því munu hin nýju verð taka gildi 1. október 2015.



Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir gjaldskrá Mílu ehf. fyrir skammtímatengingar eins og hún var lögð fram þann 26. janúar 2015.

Leiguverð fyrir skammtímatengingar skulu vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa.

Varðandi gildistöku hinna nýju verða gildir ákvæði 3. kafla viðmiðunartilboðs Mílu fyrir leigulínur þar sem fram kemur að Míla skuli tilkynna þjónustukaupanda um verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara. Í þessu tilviki telur PFS rétt að miða verðbreytingarnar við mánaðamót og taka hin nýju verð því ekki gildi fyrr en um næstu mánaðamót eftir að umræddur 60 daga frestur er liðinn. Mílu var heimilt að tilkynna þjónustukaupendum um verðbreytingarnar í kjölfar þess að PFS sendi ákvörðunardrögin formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til samráðs. Míla tilkynnti þjónustukaupendum um verðbreytingarnar fyrir lok júlí og því munu hin nýju verð taka gildi 1. október 2015.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir Leigulínuþjónustu frá sama tíma.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 12. ágúst 2015

Björn Geirsson f.h. forstjóra

Hulda Ástþórsdóttir

Viðauki I: Verðskrá fyrir skammtímatengingar
Viðauki II: Álit ESA